

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 23. febrúar 2015 í máli nr. S-646/2014:

### Ákærvaldið

*(Hulda María Stefánsdóttir saksóknari)*

**gegn**

### Jóni Sverri Bragasyni

*(Bjarni Hauksson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 8. desember 2014, á hendur Jóni Sverri Bragasyni, kennitala 000000-0000, með lögheimili í Sameinuðu arabísku furstadæmunum en dvalarstað í [...], fyrir eftirtalin brot framin á árinu 2014:

I.

„Kynferðisbrot, með því að hafa um nokkurt skeið fram til þess dags er lögregla lagði hald á myndefnið, haft í vörslum sínum og skoðað ljósmyndir og kvikmyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Var samtals um að ræða 45.236 ljósmyndir og 155 kvikmyndir sem ákærði hafði í vörslum sínum á eftirtöldum dögum á eftirtöldum gagnavörslumunum:

1. Föstudaginn 1. ágúst 2014 í flugstöð Leifs Eiríkssonar haft í vörslum sínum, nánar tiltekið í farangri sínum:

-á Samsung spjaldtölvu, haldlagður munur nr. 398146, samtals 36.011 ljósmyndir og 11 kvikmyndir.

-á Samsung fartölvu, haldlagður munur nr. 398147, samtals 66 ljósmyndir.

-á USB minnislykli að gerðinni SanDisk, haldlagður munur nr. 398148\_A, samtals 73 ljósmyndir og 126 kvikmyndir sem hafði verið eytt af minnislyklinum.

-á USB minnislykli að gerðinni Kingston, haldlagður munur nr. 398148\_B, samtals 9 kvikmyndir sem hafði verið eytt af minnislyklinum.

-á USB minnislykil af óþekktri gerð, haldlagður munur nr. 398148\_E, samtals 9 kvikmyndir sem hafði verið eytt af minnislyklinum.

2. Þriðjudaginn 19. ágúst 2014 á dvalarstað sínum að [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum:

-á HP fartölvu, haldlagður munur nr. 398576, samtals 6510 ljósmyndir, sem hafði verið eytt úr tölvunni.

-á HP fartölvu, haldlagður munur nr. 398765, samtals 1868 ljósmyndir, sem hafði verið eytt úr tölvunni.

-á Lacie utan á liggjandi hörðum disk, haldlagður munur nr. 398615, samtals 319 ljósmyndir, sem hafði verið eytt af diskinum.

-á Iomega utan á liggjandi hörðum disk, haldlagður munur nr. 398617, samtals 122 ljósmyndir, sem hafði verið eytt af diskinum.

-á Lacie utan á liggjandi hörðum disk, haldlagður munur nr. 398761, samtals 267 ljósmyndir, sem hafði verið eytt af diskinum.“

Teljast brotin varða við 1. og 2. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Vopnalagabrot með því hafa þriðjudaginn 19. ágúst 2014 haft í vörslum sínum óskráðan loftriffl af gerðinni Predom Lucznik, kl 187, án skotvopnaleyfis, sem fannst við leit á dvalarstað ákærða að [...], Reykjavík, nánar tiltekið í geymsluskáp undir stiga.

Telst brotið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á framangreindum tölvum, gagnavörslumunum og loftriffli af gerðinni Predom Lucznik, kl 187 (munur nr. 398769), á grundvelli 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Ákærði krefst aðallega sýknu af refsí- og upptökukröfum en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

## I

Upphaf málsins má rekja til þess að ákærði, sem starfar mikið erlendis en hefur dvalarstað hér á landi, var stöðvaður af tollgæslunni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1. ágúst 2014, vegna gruns um að tölvur og minnislyklar sem hann hafði meðferðis innihéldu ólöglegt myndefni. Voru munirnir haldlagðir og við rannsókn mun hafa komið í ljós mikið magn af meintu barnaklámi. Ákærði var tekinn í skýrslutöku og húsleit fór fram þann 19. ágúst 2014 á dvalarstað ákærða, þar sem

haldlagðar voru tölvur og gagnavörslumunir auk óskráðs loftriffils. Ákærði neitaði sakargiftum hjá lögreglu og bar að aðrir hafi haft aðgang að spjaldtölvu hans erlendis og hugsanlega hafi þeir halað niður umræddu efni en einnig hafi hann keypt notaða minnislykla á markaði í Kína og vera kynni að efnið hafi verið þar fyrir. Ákærða var með dómi Hæstaréttar nr. 559/2014, þann 26. ágúst 2014, gert að sæta farbanni til 16. september 2014 og hefur síðan sætt farbanni óslitið frá þeim tíma.

## II

Við þingfestingu málsins neitaði ákærði sök. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins ítrekaði hann þá afstöðu sína og kvaðst ekki vilja tjá sig sjálfstætt um málsatvik. Aðspurður um ákærulið I bar ákærði að hann kannaðist ekki við að eiga þær myndir sem fram komi í ákæru. Hann hafi ekki séð umræddar myndir og hafi ekki vitað að þær hafi verið á þeim tölvum og minnislyklum sem um geti í ákærunni. Hann kannaðist þó við að hafa verið með spjaldtölvu og fartölvu þegar hann var stöðvaður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samsung-spjaldtölvun hafi verið merkt Air China Cargo og beri það með sér að vera ekki í hans eigu og hafa verið notuð af fjölda aðila. Samsung-fartölvun hafi einnig verið notuð af öðrum en ekki eins mikið og spjaldtölvun en beri það með sér að hafa verið notuð af öðrum. Ákærði gat ekki útskýrt hvers vegna rúmlega 36 þúsund ljósmyndir og 11 kvikmyndir hafi verið að finna á spjaldtölvu og fartölvu hans og taldi það nærtækara að ákæruvaldið útskýrði þá hluti. Spurður um þá minnislykla sem um ræði í ákæru kvaðst ákærði ekki geta útskýrt neitt um þá, enda vissi hann ekki hvaða minnislyklar þetta væru þar sem aldrei hafi verið borið undir hann af lögreglu hvaða minnislyklar hafi verið teknir af honum. Hann hafi verið með marga minnislykla og eitthvað hafi verið tekið, hann viti ekki hvaða lyklar. Aðspurður um hvar hann hafi keypt minnislykla sína kom fram að það hafi verið víða, allt eftir því hvar hann var staddur í hvert sinn. Spurður hvort HP-fartölvur sem hafi verið teknar við húsleit hafi verið í hans eigu taldi ákærði að hann ætti þær ekki lengur en hafi notað þær einhvern tíma. Þessar tölvur hafi verið notaðar af öllu heimilisfólki hans. Hann kannaðist ekki við að barnaniðsefni, sem hafi verið eytt, hafi verið á tölvunum. Spurður um þrjá harða diska sem hafi verið gerðir upptækir í húsleitinni og hvort hann ætti þá, bar ákærði að ákæruvaldið ætti að kynna sér gögn málsins um það efni. Spurður hvort hann væri með þessu að vísa í framburð sinn hjá lögreglu svaraði ákærði: „Já væntanlega.“ Aðspurður hvort hann kannaðist við notandanafnið „X“ sagðist ákærði vísa í framburð sinn hjá lögreglu. Spurður hvort hann gæti skýrt hvernig barnaniðsefnið hafi komist inn í framangreindar tölvur og minnislykla gat ákærði ekki skýrt það og hafi það komið skýrt fram í skýrslutöku hans hjá lögreglu. Spurður hvort aðrir hafi haft aðgang að þessum munum svaraði ákærði því játandi og að það kæmi vel fram í skýrslutöku yfir honum hjá lögreglu og yfir fjölskyldu hans. Aðspurður kvaðst ákærði kannast við notendaforritið „Z“ en hann hafi ekki verið að skipta á barnaniðsefni við aðra með því forriti. Spurður um notandanafn hans á Z kom fram að það væri „Y“ og hafi hann sótt tónlist með þessu forriti. Aðspurður gat hann ekki skýrt það að í þremur tölvum og í farsíma hans hafi verið að finna Z og notandanafnið X. Hann hafi ekki spjallað á Z undir notandanafninu X. Spurður hvort hann hafi verið með eitthvað af þessum tölvum þegar hann var í afplánun, vísaði ákærði til skýrslu sinnar hjá lögreglu. Bornar voru undir ákærða nokkrar myndir úr framlögðum dóm skjölum og bar ákærði að hann

væri á þeim, en ekki öllum. Þegar ýmsar skýrslur málsins voru bornar undir ákærða kvaðst ákærði ekki kannast við efni þeirra þótt hann hafi séð það en vísaði að öðru leyti til skýrslna hjá lögreglu.

Aðspurður um ákærulið II kom fram að um væri að ræða 40 ára gamlan pólskan loftriffil sem virkaði ekki. Hann hafi fengið riffilinn frá föður sínum og hefði hann í raun bara tilfinningalegt gildi. Ákærði vildi taka það fram að hann væri með byssuleyfi og væri skráður fyrir vopnum og því væri það rangt sem fram kæmi í ákæru að hann hefði ekki byssuleyfi.

A, aðalvarðstjóri hjá tollstjóra, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína í málinu. Vitnið bar að hafa stöðvað ákærða við komu til landsins og skoðað tölvur og minnislykla sem ákærði hafði meðferðis. Ákærði hafi sjálfur opnað spjaldtölvu þar sem í ljós komu myndir af nöktum drengjum. Vitnið bar að hafa áður stöðvað ákærða með mikið magn minnislykla án þess að þeir hafi þá verið skoðaðir. Hafi hún þá ákveðið að skoða nánar hver ákærði væri og þá séð að hann var á reynslulausn og því ákveðið að skoða hann næst þegar hann kæmi til landsins.

B lögreglumaður kom fyrri dóminn og staðfesti skýrslu sína í málinu. Bar hann að tollvörður hafi haft samband við sig og hafi þau rætt við ákærða þessa máls við komu hans til landsins. Hafi ákærði verið beðinn um lykilorð að spjaldtölvu sinni og hafi hann gefið upp orðið „[...]“ sem hafi ekki verið rétt en lykilorðið hafi reynt vera „[...]“. Hafi tollvörður sýnt vitninu myndir úr spjaldtölvunni sem sýndu fáklædda drengi af asískum uppruna.

C lögreglumaður kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslur sínar í málinu. Beðinn um að skýra rannsókn málsins á tölvum og gagnavörslumunum í stuttu máli bar vitnið að í ljós hafi komið mikið magn af ljósmyndum og eitthvað af hreyfimyndum sem sýndu drengi nakta og á kynferðislegan hátt. Myndirnar eigi líklega upptök sín af SD-kortum. Spurður um það hvort aðrir gætu hafa haft aðgang að tölvum ákærða kom fram að við yfirheyrslu á öðrum fjölskyldumeðlimum ákærða hafi komið í ljós að engir af hans fjölskyldumeðlimum hafi vitað lykilorð að þeim. Óskað hafi verið eftir upplýsingum um samstarfsmenn ákærða og hafi ákærði ætlað að koma með lista yfir þá en síðar neitað að afhenda þann lista. Fram kom, að væru dagsetningar skoðaðar um það hvenær myndirnar hafi orðið til í tölvunum, þá kæmi fram að þær hafi komið í tölvurnar í þremur löndum. Væri það borið saman við ferðasögu ákærða út frá vegabréfi hans þá væri samsvörun á milli þess hvar ákærði var staddur og hvenær myndirnar hafi komið í tölvurnar og ekki hafi í öllum tilfellum verið um að ræða vinnuferðir heldur einnig einkaferðir ákærða. Í tölvum ákærða hafi fundist forritið „Z“, sem væri spjall- og skráarskiptiforrit, og hafi ákærði greitt fyrir það forrit. Ákærði hafi viðurkennt að vera áskrifandi að þessu forriti en ekki undir notandanafninu X. Notandanafnið X hafi fundist í fartölvum ákærða og farsíma og einkenni þess væru samskipti við karlmenn. Sem dæmi megi nefna að á einum stað í gögnum málsins, þar sem notandinn X sé að ræða við annan notanda, þá gefi X upp: „My wechat id is: [...]“ sem sé sama lykilorð og ákærði hafi gefið upp sem lykilorð að spjaldtölvu sinni. Þetta spjall hafi átt sér stað í Taílandi og ákærði verið þar á þeim tíma. Sjá mætti á gögnum málsins að samskipti X á Z snérust um að verið væri að leita eftir kynmökum við unga drengi. Í þessu sambandi mætti benda á að nafnið „B“ kæmi fyrir við skoðun á Z-forritinu í

tengslum við X auk fleiri tenginga. Þá mætti sjá notkun á snjallforritinu Æ í farsíma ákærða undir notandanafninu „[...]“ sem væri það sama og lykilorð að fartölvu ákærða og tengdist einnig X. Samskiptin beri það með sér að vera notuð í þeim tilgangi að eiga samskipti við aðila til kynlífs í Taílandi og hafi lögregla opnað þau samskipti með lykilorðinu „[...]“ sem væri sama lykilorð og á spjaldtölvu ákærða og vísun í [...]. Aðspurður hvort barnaklám hafi fundist á tölvum og minniskubbum ákærða kom fram að svo hefði verið. Í mörgum tilfellum hafi verið búið að eyða skránum en hægt hafi verið með ákveðnu tölvuforriti að leita eftir þeim skrá. Hafi mátt sjá tengingu á notkun á þessum eyddu skrá við notandanafnið X og IP-tölu á heimili ákærða. Ef skoðuð væri möppuuppbygging Z og skráarheiti þessara gagna mætti sjá að notkunin hafi átt sér stað allt frá seinni hluta ársins 2009. Þá hafi einnig mátt sjá af Z að ein fartölva ákærða hafi verið í notkun meðan á afplánun hans hafi staðið, enda hafi innsigli Fangelsismálastofnunar verið á tölvu og einum flakkara sem hafi verið haldlögð. Spurður hvort verið gæti að myndirnar hafi komið í gögnin með vírusum bar vitnið að svo væri ekki. Reynt hafi á það fyrir dómstólum og kallaður hafi verið til dómkvaddur matsmaður og hafi niðurstaðan verið sú að þetta væri ekki hægt, að minnsta kosti ekki í þessu magni. Spurður hvort hægt væri að sjá hvort skrár hafi verið opnaðar, bar vitnið að það hafi ekki verið sérstaklega skoðað. Erfiðara væri að sjá það með skrár sem hafi verið eytt auk þess sem erfitt sé að sjá hvenær skrár hafi verið eytt.

### III

Í máli ákærða kom fram að ekki hafi verið sýnt fram á að ákærði hafi haft vörslur þeirra muna sem um geti í ákæru eða að hann hafi skoðað þau gögn sem þar hafi fundist. Ekki hafi verið gætt meðalhófs, hlutlægni og jafnræðis eins og rannsóknargögn málsins beri með sér. Ekki hafi verið bornar undir ákærða þær myndir sem áttu að hafa fundist og þeim hafi verið haldið frá ákærða og verjanda og ákærði því ekki fengið tækifæri til þess að tjá sig um þær. Þá sé ákæran ekki nægjanlega skýr samkvæmt c.-lið 152. gr. laga um meðferð sakamála og lýsa hefði þurft betur innihaldi myndefnisins. Ekki sé heldur hægt að útiloka það að myndirnar hafi borist í munina með vírusum og þá geti ákærði ekki haft vörslur á myndum þann 1. ágúst 2014 og 19. ágúst 2014 sem hafi á þeim tímapunktum verið búið að eyða.

Um ákærulið II kom fram að ákæran væri röng þar sem ákærði hafi upplýst að hann hefði skotvopnaleyfi.

### IV

Í 210. gr. a í almennum hegningarlögum segir í 1. mgr: „hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.“

Ekki er á það fallist að ákæra málsins sé ekki nægjanlega skýr samkvæmt c.-lið 152. gr. laga um meðferð sakamála. Ógerningur og óþarft er að lýsa innihaldi rúmlega 45 þúsund ljósmynda og 155 kvikmynda í ákæruskjali. Ekki er fallist á þá málsástæðu ákærða að ekki hafi verið gætt meðalhófs, hlutlægni eða jafnræðis við

rannsókn málsins. Ákærða og verjanda hans stóð boða að kynna sér allar myndir málsins og var upphafi aðalmeðferðar málsins fyrir dómi meðal annars frestað í þeim tilgangi. Ákærði mætti þrisvar í skýrslutökur hjá lögreglu þar sem leitað var eftir skýringum hans. Útskýringar ákærða eru mjög takmarkaðar og ekki að sjá að svör hans hafi kallað á mikla rannsóknarvinnu. Helst var það gagnrýnt af hálfu ákærða að hann hafi upplýst að Samsung-spjaldtölva hafi verið í eigu Air China Cargo og aðrir haft aðgang að þeirri tölvu en ekki hafi verið kannað með það atriði. Ákærði ætlaði sjálfur að koma með lista yfir samstarfsmenn sína en neitaði því síðar. Ákærði upplýsti að hann starfaði víða um heim og væri sjálfstætt starfandi og því erfitt að sjá hverjir geti yfirleitt talist samstarfsmenn hans.

Framburður ákærða fyrir dómi var ekki trúverðugur með þeim hætti að hann vísaði ítrekað til skýrslna hjá lögreglu en í þeim skýrslum hafði hann í raun litlu svarað. Ákærði bar fyrir dómi að Samsung-fartölvan hafi verið notuð af öðrum en honum. Í skýrslu hjá lögreglu þann 19. ágúst 2014 bar ákærði að eiga þá tölvu sjálfur og hafi hann keypt hana hér á landi og gat þá í engu um að aðrir hafi haft aðgang að þeirri tölvu þótt hann hafi séð ástæðu til þess að geta um það atriði um Samsung-spjaldtölvuna. Ákærði upplýsti í skýrslutöku þann 19. ágúst 2014 að hann hefði keypt USB-minnislyklana sem teknir voru af honum, á markaði í Kína. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 9. september 2014 var ákærða bent á að einn minniskubburinn hafi verið merktur háskóla hér á landi og að persónuleg gögn hans væri að finna á lykklunum, sem hafi verið sett þar inn áður en hann sagðist hafa keypt minniskubbana í júní 2014 í Kína. Í framhaldi af því, meðal annars fyrir dómi, bar ákærði að hafa ekki vitað hvaða minnislyklar hafi verið teknir af honum og fyrir dómi bar hann að hafa keypt minnislyklana víða. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 29. október 2014 kannaðist ákærði ekki við að hann væri á myndum sem honum voru sýndar. Þegar sömu myndir voru bornar fyrir hann í dóminum kannaðist hann við að vera á einhverjum þeirra. Framangreindur framburður ákærða er mjög ótrúverðugur.

Óumdeilt er að í vörslum ákærða var Samsung-spjaldtölva, Samsung-fartölva og þrjár minnislyklar, en munir þessir voru haldlagðir við komu hans til landsins. Í Samsung-spjaldtölvunni var stærstur hluti þeirra ljósmynda sem ákært er fyrir. Á dvalarstað ákærða voru haldlagðar tvær fartölvur og þrjár utanálíggjandi harðir diskar. Barnaklám fannst í öllum framangreindum munum, þótt þeim hafi verið eytt úr þeim öllum nema Samsung-spjald- og fartölvu. Ákærði hefur borið að hafa átt og notað að minnsta kosti um einhvern tíma þá muni sem teknir voru við húsleit á dvalarstað hans, en hann viti ekki hvort aðrir heimilismenn hafi notað þá. Í skýrslutökum af öðru heimilisfólki ákærða kom fram að ekkert þeirra hafði aðgang að tölvunum eða gagnageymslunum.

Í rannsóknarskýrslum og vitnisburði lögreglumannsins C fyrir dómi kom fram að spjall- og skráarskiptiforritið Z hafi verið sett upp í þremur fartölvum málsins. Í gegnum þetta forrit hafi notandinn X með notandanúmer [...] haft samband við aðra karlmenn í þeim tilgangi að skiptast á sögum og lykilorðum að skráum hver annars sem samkvæmt heitum þeirra mappa og skráa vísi til barnakláms eða barnaníðs. Ákærði hefur viðurkennt að hafa keypt aðgang að Z en notandanafn hans hafi ekki verið X. Vitnið útskýrði hvernig myndirnar í Samsung-spjaldtölvunni hafi orðið til erlendis á sama tíma og ákærði var á þeim stöðum samkvæmt vegabréfi hans og hvernig notandinn X tengdist ákærða. Þannig hafi í farsíma ákærða fundist ýmis samskipti tengd „X“ eins og tölvupóstsamskipti [...]@ yahoo.com, en [...] væri

lykilorð á fartölvu ákærða auk þess sem X hafi í samskiptum á Z meðal annars gefið upp „[...]“ sem væri lykilorð að Samsung-spjaldtölvu ákærða og vísaði til fæðingardags hans og mánaðar. Ýmsar aðrar upplýsingar komu fram í skýrslum vitnisins um tengingu X og ákærða. Að mati dómsins þykir sannað að ákærði hafi verið notandinn X og að honum hafi því verið fullkunnugt um efni þeirra samskipta auk mappa og skráa sem þeim samskiptum fylgdi.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að ákærði hafi haft vörslur á þeim munum sem um geti í ákæru. Ekki skiptir máli þótt búið hafi verið að eyða myndum úr öðrum munum en Samsung-spjald- og fartölvu, enda var hægt að kalla myndirnar fram aftur. Má í þessu sambandi hafa hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 273/2003. Vitnið C var spurður hvort myndirnar gætu hafa borist með tölvuvírus og bar hann að svo væri ekki, að minnsta kosti ekki í þessu magni. Í þessu sambandi verður að horfa til þess að myndirnar er að finna í mörgum tölvum og efnið komið í tölvurnar á mörgum stöðum yfir langt tímabil. Þá var einnig að finna myndir á minniskubbum og utanálíggjandi hörðum diskum og hefur notandi munanna þurft að vista þær þangað. Þá verður, með hliðsjón af því hvernig framangreindum samskiptum X í gegnum spjall- og skráarskiptiforritið Z var háttað, talið útilokað að myndirnar hafi borist með tölvuvírus eða fyrir tilviljun, enda fer efni eða tilgangur þess spjalls ekki á milli mála.

Í 2. mgr. 210. gr. a í almennum hegningarlögum segir: „hver sem skoðar myndir, myndskeið eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni skal sæta sömu refsingu og greinir í 1. mgr.“ Í málinu var upplýst að erfitt væri að sjá hvenær myndir hafi verið opnaðar og ætti það sérstaklega við um eydd gögn. Vitnið C bar að ekki hafi verið sérstaklega skoðað við rannsókn málsins hvort gögn hafi verið opnuð. Ekki verður því fullyrt að ákærði hafi skoðað á árinu 2014, þær myndir sem í ákæru greinir, á netinu eða með öðrum fjarskiptabúnaði.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat dómsins að sannað sé, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi eins og í ákæru greinir haft í vörslum sínum ljósmyndir og kvikmyndir sem sýna börn, einkanlega drengi, á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II. Loftrifill telst skotvopn í skilningu 1. gr. skotvopnalaga nr. 16/1998. Ákærði bar að rífillinn virkaði ekki en í framlögðu dómskjali lögreglu kom fram að hann virkaði fullkomlega og hafi verið hlaðinn þegar hann var haldlagður. Í skotvopnaleyfi skal skrá öll skotvopn í eigu leyfishafa. Einnig skal tilgreina nákvæmlega hvers konar skotvopn leyfishafa er heimilt að nota. Óumdeilt er í málinu, óháð því hvort ákærði var með skotvopnaleyfi eða ekki, að loftrifillinn var óskráður. Ákærði hafði því ekki heimild samkvæmt framangreindu til að nota skotvopnið. Þá voru vörslur hans ekki í samræmi við ákvæði vopnalaga. Telst brot ákærða sannað og er réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í maí árið 1955. Með dómi Hæstaréttar þann 20. maí 2010, í máli nr. 448/2008, var ákærði dæmdur í fangelsi í þrjú ár og sex mánuði fyrir brot gegn ákvæðum 1. og 3. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa í nokkur skipti tælt dreng meðan hann var á aldrinum 13-15 ára til kynmaka með því að notfæra sér þroskaskerðingu hans, reynsluleysi hans af kynlífi og tölvufíkn. Ákærði fékk reynslulausn 7. desember 2012 í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 420 dögum. Ber því nú að taka upp nefnda 420 daga, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga, og ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um og með hliðsjón af þeirri fangelsisrefsingu sem óafplánuð er, samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að brot ákærða telst stórfellt. Ákærði á sér engar málsbætur. Að þessu virtu, með vísan til 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár og átta mánuði. Ekki eru efni til að skilorðsbinda hana að hluta eða öllu leyti.

Samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 verður ákærða gert að sæta upptöku muna eins og í dómsorði greinir.

VI

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Jón Sverrir Bragason, sæti fangelsi í tvö ár og átta mánuði.

Ákærði sæti upptöku á Samsung-spjaldtölvu, Samsung-fartölvu, tveimur HP-fartölvum, þremur USB-minnislyklum og þremur hörðum diskum auk óskráðs loftriffils af gerðinni Predom Lucznik kl 187, sem haldlagður var í málinu.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hæstaréttarlögmanns, 1.155.000 krónur.

Bogi Hjálmtýsson